

Fundargerð 373. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2015, föstudaginn 13. mars kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til símafundar.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Guðný Sverrisdóttir, Steinþór Pétursson, Guðmundur M Kristjánsson, Ólafur Þór Snorrason, Ásta Björg Pálmadóttir og Björn Arnaldsson í fjarveru Mús Sveinbjörnssonar.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Stjórnarfundir Hafnasambands Íslands 2015 - 1501031HA

Lögð var fram til staðfestingar fundargerð 372. fundar frá 13. febrúar sl.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Úttekt á áætluðum viðhalds- og nýframkvæmdakostnaði hafnasjóða 2015-2020 - 1502003HA

Lagðar fram fyrstu niðurstöður úr úttekt á áætluðum viðhalds- og nýframkvæmdarkostnaði hafnasjóða 2015-2020.

Starfsmaður fór yfir stöðu verkefnisins en 21 hafnasjóður hefur skilað inn upplýsingum til hafnasambandsins. Það er ljóst að margar hafnir standa frammi fyrir miklu viðhaldi og nýframkvæmdum á næstu árum og nauðsynlegt að auka það fjármagn sem ríkið setur í hafnabótasjóð. Starfsmanni falið að óska eftir fundi með innanríkisráðherra til að ræða framkvæmdaþörf í höfnum landsins.

3. Úttekt á framboði á rafmagni í höfnum - 1501034HA

Lagðar fram fyrstu niðurstöður úr úttekt á framboði á rafmagni í höfnum.

Niðurstöðurnar sýna að hafnirnar eru ekki undir það búnað að veita orkufrekum skipum rafmagn. Ef krafa verður gerð um að hafnir þurfi að bjóða öllum helstu skipum upp á rafmagn þá kallar það á mjög kostnaðarsamar framkvæmdir fyrir hafnirnar.

4. Frumvarp til laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands (hafnríkisaðgerðir), 418. mál. - beiðni um umsögn - 1502044HA

Lögð fram umsögn hafnasambandsins um frumvarp til laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Til kynningar.

5. Úrgangur frá skipum - 1502021HA

Lögð fram að nýju drög að sameiginlegu bréfi hafnasambandsins og Umhverfisstofnunar til Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi þar sem óskað er eftir samstarfi til að koma á hagkvæmu verklagi í tengslum við úrgang frá skipum.

Stjórn hafnasambandsins gerir ekki athugasemdir við drögin.

6. Úttekt á réttarstöðu hafna í tryggingarmálum - 1502027HA

Formaður gerði grein fyrir fundi sem hann sat ásamt starfsmanni með lögfræðistofnunni LEX. Á fundinum var farið yfir réttarstöðu hafna í tryggingarmálum. Lögð var fram verkefnafrýsing sem formaður tók saman.

Starfsmanni og formanni falið að fylgja málinu eftir og koma ábendingum stjórnar á framfæri við LEX.

7. Aflagjald af eldisfiski - beiðni um umsögn - 1503014HA

Lagt fram erindi frá Vesturbyggð, dags. 5. mars 2015, þar sem óskað er eftir umsögn um aflagjald af eldisfiski.

Í 17. gr. hafnalaga kemur fram að aflagjald skuli vera af öllum sjávarafurðum. Í greininni er hugtakið sjávarafurð skilgreint sem svo: "Sjávarafurðir eru sjávarafli, þ.e. sjávardýr önnur en spendýr, þ.m.t. skrápdýr, liðdýr og lindýr, sem og matvæli sem eru unnin að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafli."

Það er því ljóst að skv. lögum er allur sjóeldisfiskur sjávarafurð sem skal greiða aflagjald af. Löggjafarvaldið hefur ekki séð ástæðu til að verða við athugasemdum Landssambands fiskeldisstöðva eða Samtaka atvinnulífsins um að breyta þeirri skilgreiningu.

Í 5. tl. sömu greinar kemur fram að hafnasjóðum sé leyfilegt að gera langtímasamning við notendur um gjöld fyrir afnot af bryggjum og því geti hafnasjóðir gert slíkan samning við notendur. Hafa skal þó til hliðsjónar að skv. 17. gr. hafnalaga þar sem kveðið er á um að aflagjald sé að lágmarki 1,25% af heildaraflaverðmæti og 0,7% af heildaraflaverðmæti frystra sjávarafurða.

Stjórn Hafnasambands Íslands telur mikilvægt að áréttu að skv. lögum er sjóeldisfiskur sjávarafurð sem skuli greiða af aflagjald og að afsláttarkjör fyrir einstaka notendur verði að vera byggð á jafnræðisgrundvelli og innan ramma laganna. Einnig vill stjórnin benda á að hafnasjóðum ber engin skylda til að verða við kröfum notenda um afslátt af aflagjöldum.

8. Hafnafundur 2015 - 1412012HA

Lögð fram drög að dagskrá fyrir hafnafundinn.

Til kynningar. Starfsmanni og formanni fræðslunefndar falið að vinna áfram að undirbúningi.

Fundi var slitið kl. 12:00

Gísli Gíslason

Guðný Sverrisdóttir

Steinþór Pétursson

Guðmundur M Kristjánsson

Ólafur Þór Snorrason

Ásta Björg Pálmadóttir

Björn Arnaldsson

Valur Rafn Halldórsson